



Borgarráð

Reykjavík, 13. janúar 2025

MSS24120074

Reglur um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi drög að uppfærðum reglum um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs 28. október 2021 samþykkti borgarráð reglur um réttindi og skyldur stjórnenda sem heyra undir borgarstjóra Reykjavíkur. Byggðu þær að miklu leyti á vinnu starfshóps frá árinu 2019, yfirferð mannauðs- og starfsumhverfissviðs og umsögnum Félags stjórnenda (FSR) og kjaranefnd Reykjavíkurborgar (KNR). Með reglunum var mælt fyrir um að aðeins sá hópur stjórnenda sem heyrir beint undir borgarstjóra í skipuriti og borgarráð ræður til starfa skyldi heyra undir ákvarðanir KNR, auk formanns samninganefndar borgarinnar. Þannig var sá hópur sem heyrir undir ákvarðanir KNR takmarkaður frá því sem verið hafði og með því tryggt að undanþágur frá meginreglunni um samningsrétt launafólks um kaup og kjör yrðu ekki víðtækari en nauðsyn bæri til. Í ákvæði til bráðabirgða við reglurnar var þó mælt fyrir um að þeir stjórnendur sem heyrðu áður undir nefndina skyldu halda því áfram nema ósk kæmi fram um annað. Yrðu mannabreytingar í hlutaðeigandi störfum skyldi aftur á móti fara um laun og starfskjör eftirmanna samkvæmt kjarasamningi. Þá var mælt fyrir um að bráðabirgðaákvæðið skyldi endurskoðað fyrir 31. desember 2023, enda markmiðið að aðrir stjórnendur hjá Reykjavíkurborg en þeir sem teljast vera í æðstu stjórnunarstöðum, sbr. 56. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, heyri framvegis undir kjarasamninga. Samkvæmt gildandi skipuriti í desember 2024 teljast æðstu stjórnendur borgarinnar vera borgarritari, sviðsstjórar fag- og kjarnasviða, borgarlögmaður og skrifstofustjóri borgarstjórnar, sem heyra beint undir borgarstjóra, auk innri endurskoðanda og mannréttindastjóra. Auk þess er gert ráð fyrir að formaður samninganefndar og formaður umdæmisráðs barnaverndar Reykjavíkur taki laun og starfskjör skv. ákvörðunum kjaranefndar.

Bráðabirgðaákvæði við reglurnar var breytt af borgarráði 18. desember 2023 þannig að það skyldi endurskoðað fyrir 31. desember 2024. Með tilliti til bráðabirgðaákvæðisins og vinnu kjaranefndar við gerð nýrra verklagsreglna nefndarinnar hafa reglurnar nú verið endurskoðaðar á ný.

Frá gildistöku reglnanna árið 2021 og samþykktar fyrir kjaranefnd Reykjavíkur frá 20. september 2022 hefur KNR unnið að nýjum verklagsreglum. Verklagsreglur KNR hafa ekki tekið breytingum frá árinu 2004. Drög að endurskoðuðum reglum og verklagsreglum voru kynnt fyrir FSR á fundi og kom þar fram ábending vegna reglnanna sem tekin var til greina og gerðar breytingar á fyrirliggjandi drögum. Í kjölfarið var óskað eftir umsögn FSR um drög að reglum og verklagsreglum og barst umsögnin 28. nóvember 2023.



Reykjavík



Á grundvelli framangreinds liggja nú fyrir uppfærð drög að endurskoðuðum reglum með breyttu heiti til samræmis við breytingar á gildissviði þeirra. Helstu tillögur um breytingar frá fyrri reglum fela í sér að í ákvæði um KNR er nú rýmkað orðalag er varðar ákvarðanir KNR um laun og önnur starfskjör stjórnenda þannig að þau skuli endurskoðuð að minnsta kosti einu sinni á ári en fyrra orðalag þótti of takmarkandi. Í ákvæði reglnanna um námsleyfi er nú gert ráð fyrir að mælt verði fyrir um þá málsmeðferð, þegar umsókn berst frá stjórnanda, að borgarstjóri leiti umsagnar mannauðs- og starfsumhverfissviðs áður en hann ákvarðar um það efni. Um leyfið fari skv. ákvæðum kjarasamninga og reglum Reykjavíkurborgar um lengri launuð námsleyfi starfsfólks. Gert er ráð fyrir að samhliða þessari breytingu falli niður regla um símenntun í verklagsreglum KNR. Í ákvæði um starfslok vegna aldurs er hnykkt á því að við endurráðningu stjórnanda, sem látið hefur af föstu starfi vegna aldurs, heyri viðkomandi stjórnandi undir kjarasamning en ekki reglurnar, án þess að það hafi áhrif á rétt hans til töku lífeyris. Einnig er í ákvæðum sem lúta að öðrum réttindum gerð sú breyting að um þau fari skv. ákvæðum kjarasamninga aðildarfélagi BHM í stað Sameykis. Þá er gerð tillaga um breytingu á gildistíma ákvæðis til bráðabirgða og hann framlengdur til 31. desember 2025 en ákvæðið falli þá úr gildi. Frá þeim tíma er gert ráð fyrir að aðeins þeir stjórnendur sem falla undir gildissvið reglnanna, skv. 1. gr. þeirra, taki laun og starfskjör samkvæmt ákvörðun KNR en aðrir heyri undir kjarasamninga. Aðrar breytingar eru almennt lagðar til þannig að samræmis gæti í framsetningu og orðalagi reglnanna við aðrar reglur borgarinnar, s.s. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, viðauka 1.3 við samþykktina sem fjallar um fullnaðarafgreiðslur kjaranefndar Reykjavíkurborgar, samþykkt fyrir kjaranefnd Reykjavíkurborgar, reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg auk endurskoðaðra verklagsreglna KNR.

Í framhaldinu er vakin athygli á því að gera þarf breytingar á gildandi samþykkt endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar, samþykkt fyrir kjaranefnd Reykjavíkur, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og viðauka 1.3 um fullnaðarafgreiðslur kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Forsætisnefnd er falið að undirbúa þær breytingar.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Drög að reglum um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar, dags. 13. desember 2024.

Umsagnir um drög að reglum um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar og um drög að nýjum verklagsreglum Kjaranefndar Reykjavíkurborgar, dags. 28. nóvember 2023.

DRÖG 13.12.2024

REGLUR **um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar**

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda um æðstu stjórnendur Reykjavíkurborgar*, sbr. 56. gr. sveitarstjórnarlaga og 74. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Auk þess gilda reglurnar um formann samninganefndar Reykjavíkurborgar og formann umdæmisráðs barnaverndar Reykjavíkur.

2. gr.

Ráðning í starf

Borgarráð ræður stjórnendur, sbr. 1. gr., í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Um ferli við ráðningar stjórnenda, þ.m.t. efni auglýsingar, fer samkvæmt reglum um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg.

Ráðning stjórnanda skal almennt miðast við 5 ára tímabil. Sé reynslutími ekki tilgreindur í ráðningarsamningi telst hann vera 3 mánuðir en heimilt er að semja um allt að sex mánaða reynslutíma.

Borgarstjóri undirritar ráðningar- eða erindisbréf stjórnenda þar sem lýst er fyrimælum, umboði og skyldum, samhliða ráðningunni. Í ráðningar- eða erindisbréfi skulu koma fram þær upplýsingar sem almennt er skylt að veita við ráðningu, sbr. samkomulag um skyldu vinnuveitenda til að ganga frá skriflegum ráðningarsamningum, eða skriflegri staðfestingu ráðningar við starfsmenn samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar.

Ef stjórnanda er ekki tilkynnt 6 mánuðum fyrir lok ráðningartímabils að fyrirhugað sé að auglýsa starfið að nýju ber að líta svo á að ráðningin sé framlengd til næstu 5 ára.

Ef stjórnandi er ekki ráðinn að nýju í starfið skal hann halda óbreyttum launakjörum er starfinu fylgdi í þrjá mánuði frá því að hann lét af starfinu ef hann hefur gegnt því skemur en 15 ár, en ella í sex mánuði, enda hafi hann þá ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum Reykjavíkurborgar eða annars aðila.

Taki stjórnandi, er launagreiðslna nýtur skv. 5. mgr., við starfi í þjónustu Reykjavíkurborgar eða annars aðila áður en þriggja eða sex mánaða tíminn er liðinn skulu launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærrí en þau er hann naut í fyrra starfi. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka þriggja eða sex mánaða tímabilsins.

3. gr.

Kjaranefnd

Kjaranefnd starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um reglum þessum, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, samþykkt fyrir kjaranefnd Reykjavíkur og eftir því sem lög mæla fyrir um.

*Samkvæmt gildandi skipuriti í desember 2024 teljast þessir vera æðstu stjórnendur: borgarritari, sviðsstjórar fag- og kjarnasviða, borgarlögmaður og skrifstofustjóri borgarstjórnar sem heyra beint undir borgarstjóra, ásamt innri endurskoðanda og mannréttindastjóra.

Kjaranefnd ákvarðar laun og önnur starfskjör stjórnenda Reykjavíkurborgar, sbr. 1. gr. Laun skulu endurskoðuð a.m.k. einu sinni á ári.

Í kjaranefnd eiga sæti þrjú einstaklingar og skal enginn þeirra vera starfsmaður Reykjavíkurborgar. Borgarstjóri leggur tillögu að skipan kjaranefndar og þriggja fulltrúa til vara fyrir borgarráð, þar með talið hverjum ætlað er að gegna formennsku. Við skipan kjaranefndar skal tryggt að nefndarmenn hafi góða þekkingu á kjaramálum og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Gæta skal að ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna við skipunina.

Kjaranefnd setur sér verklagsreglur sem borgarstjóri leggur fyrir borgarráð til staðfestingar.

4. gr.

Stuðningur vegna ágreinings

Stjórnandi getur leitað eftir fjárhagslegum og faglegum stuðningi vegna ágreinings er tengist framkvæmd reglna þessara. Skal slíkri ósk beint til borgarstjóra sem tekur ákvörðun að fenginni umsögn kjaranefndar.

5. gr.

Lífeyrisréttindi

Stjórnandi skal greiða 4% af heildarlaunum í A-deild lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að greiða mótframlag til A-deildar samkvæmt samþykktum lífeyrissjóðsins. Kjósi sjóðsfélagi í A-deild að færa sig í V-deild sjóðsins skal iðgjald hans vera 4% en mótframlag Reykjavíkurborgar 11,5% af heildarlaunum.

Í þeim tilvikum sem stjórnandi leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð greiðir Reykjavíkurborg framlag á móti allt að 2% gegn 2% framlagi stjórnanda.

6. gr.

Orlof, fæðingarorlof og réttindi vegna veikinda og slysa

Réttur stjórnanda til orlofs, fæðingarorlofs, fjarvista og launa í veikindum og vegna slysa skal vera efnislega sá sami og annarra starfsmanna Reykjavíkurborgar, sbr. ákvæði kjarasamninga aðildarfélaga BHM.

7. gr.

Önnur réttindi

Um greiðslur Reykjavíkurborgar í styrktarsjóð, starfsendurhæfingarsjóð og orlofsheimilásjóð fer eftir ákvæðum kjarasamnings Reykjavíkurborgar við aðildarfélög BHM.

8. gr.

Tryggingar

Stjórnendur skulu slysatryggðir allan sólarhringinn fyrir andláti eða vegna varanlegrar lækisfræðilegrar örorku (miska). Um trygginguna gilda mismunandi bótafjárhæðir og tryggingarskilmálar eftir því hvort stjórnandi verður fyrir slysi í starfi eða utan starfs, sbr. reglur um skilmála slysatryggingar starfsmanna Reykjavíkurborgar samkvæmt kjarasamningum, vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi og í frítíma.

9. gr.

Námsleyfi/Endurmenntun

Stjórnandi sem starfað hefur hjá Reykjavíkurborg í 4 ár á rétt á launuðu leyfi til að stunda endurmenntun/framhaldsnám enda sé það í samræmi við endurmenntunar- /starfsþróunaráætlun hans hjá Reykjavíkurborg. Stjórnandi ávinnur sér tveggja vikna leyfi á hverju ári. Þó getur uppsafnaður réttur aldrei orðið meiri en 6 mánuðir og greiðist ekki út við starfslok. Komi

umsókn um námsleyfi frá stjórnanda ákvarðar borgarstjóri um það en leitar áður umsagnar mannaúðs- og starfsumhverfissviðs og fer um leyfið skv. ákvæðum kjarasamninga og reglum Reykjavíkurborgar um lengri launuð námsleyfi starfsfólks.

Reykjavíkurborg greiðir stjórnanda vegna starfsmenntunar- og vísindasjóðs 1,72% af grunnlaunum liðins árs 1. apríl ár hvert.

10. gr.

Skyldur stjórnanda

Stjórnanda er skylt að rækja starf sitt af alúð og samvirkusemi í hvívetna og fylgja því umboði, þeim fyrirmælum og skyldum sem sett eru fram í ráðningar- eða erindisbréfi.

Stjórnandi ber ábyrgð á að starfseining sú sem hann stýrir starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

Stjórnandi ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma starfseiningar þeirrar sem hann stýrir sé í samræmi við fjárheimildir og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Stjórnandi skal gæta kurteisi, lipurðar og réttisýni í starfi sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess, sem varpað getur rýrð á starf eða þá starfseiningu sem hann stýrir.

Stjórnanda er skylt að veita þeim sem til hans leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar, þar á meðal að benda þeim á það, ef svo ber undir, hvert þeir skuli leita með erindi sín.

Á stjórnanda hvílir þagnarskylda skv. X. kafla stjórnarsýslulaga. Stjórnandi er bundinn þagnarskyldu um upplýsingar sem eru trúnaðarmerktar á grundvelli laga eða annarra reglna, eða þegar að öðru leyti er nauðsynlegt að halda þeim leyndum til að vernda verulega opinbera hagsmuni eða einkahagsmuni. Undir þagnarskyldu falla ekki upplýsingar um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi Reykjavíkurborgar.

11. gr.

Áminning

Ef stjórnandi hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið ölvæður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu skal veita honum áminningu. Gefa skal stjórnanda kost á að tjá sig um meintar ávirðingar áður en ákvörðun um áminningu er tekin.

Áminning skal vera skrifleg. Í áminningu skal tilgreina tilefni hennar og þá afleiðingu að bæti stjórnandi ekki ráð sitt verði honum vikið frá störfum. Ber að veita stjórnanda tíma og tækifæri til þess að bæta ráð sitt áður en gripið er til uppsagnar.

12. gr.

Fyrirvaralaus brottvikning

Stjórnanda skal víkja úr starfi fyrirvaralaust ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna því starfi.

Stjórnanda skal víkja úr starfi fyrirvaralaust ef hann hefur játað að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi, sem ætla má að hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stjórnanda skal víkja úr starfi fyrirvaralaust verði hann uppvís að grófu broti í starfi enda valdi viðvera hans á vinnustað áframhaldandi skaða fyrir starfsemina, aðra starfsmenn eða viðskiptavinum.

13. gr.

Breyting á starfi

Skylt er stjórnanda að hlíta því að starfssvið hans sé aukið eða því breytt, enda sé það nauðsynlegt vegna skipulagsbreytinga eða af öðrum ástæðum. Stjórnandi getur kosið að segja upp starfi sínu vegna slíkra breytinga, enda skýri hann borgarstjóra frá því innan eins mánaðar frá því að breytingarnar voru tilkynntar honum.

Flytjist stjórnandi tímabundið í annað starf vegna skipulagsbreytinga, sem er lægra launað en fyrra starfið, skal greiða honum launamismuninn þann tíma sem eftir er af ráðningartíma hans í fyrra starfi sem stjórnandi, þó aldrei lengur en sem nemur ráðningartíma skv. 2. gr.

14. gr.

Starfslok vegna aldurs

Stjórnandi skal láta af störfum eigi síðar en um næstu mánaðamót eftir að hann hefur náð 70 ára aldri. Sé stjórnandi orðinn 65 ára skal ráðningartími hans miðaður við að hann láti af störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára að aldri.

Borgarstjóra er heimilt að endurráða stjórnanda, sem náð hefur 70 ára aldri og látið hefur af föstu starfi, í annað starf allt að hálfu starfi, sem heyrir þá undir kjarasamning en ekki reglur þessar, án þess að það hafi áhrif á rétt hans til töku lífeyris.

15. gr.

Niðurlagning starfs

Borgarráð skal, að fenginni tillögu borgarstjóra, veita stjórnanda lausn frá störfum við niðurlagningu starfs vegna skipulagsbreytinga.

Við lausn frá störfum skv. 1. mgr. skal stjórnandi halda óbreyttum launakjörum er starfinu fylgdu í sex mánuði frá því að hann lét af starfinu ef hann hefur gegnt því skemur en 15 ár, en ella í tólf mánuði, enda hafi hann þá ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum Reykjavíkurborgar eða annars aðila.

Á meðan fyrrverandi stjórnandi nýtur óskertra launa er honum skylt að starfa áfram, sé þess óskað og veita faglega ráðgjöf eða aðstoð þannig að sem minnst röskun verði á starfsemi á því sviði sem hann starfaði.

Taki stjórnandi, er launagreiðslna nýtur skv. 2. mgr., við starfi í þjónustu Reykjavíkurborgar eða annars aðila áður en liðinn er sex eða tólf mánaða tíminn, skulu launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærrí en þau er hann naut í fyrra starfi. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka sex eða tólf mánaða tímabilsins.

16. gr.

Starfslok vegna heilsubrests

Þegar stjórnandi hefur verið samfelld frá vinnu vegna veikinda eða slysa launalaust í jafnlangan tíma og þann tíma sem hann átti rétt á að halda launum í fjarveru sinni skal borgarráð, að fenginni tillögu frá borgarstjóra, veita stjórnanda lausn frá störfum vegna heilsubrests.

Þetta gildir þó ekki ef lækni vottar að líkur séu til fulls bata innan næstu sex mánaða, enda sé honum þá veitt lausn að liðnum þessum sex mánuðum ef hann er enn óvinnufær. Krefjast má vottorðs trúnaðarlæknis.

Framangreind ákvæði skulu ekki vera því til fyrirstöðu að starfsmaður láti af störfum er hann óskar þess ef hann er samkvæmt lækni vottorði orðinn varanlega ófær um að gegna starfi vegna vanheilsu. Krefjast má vottorðs trúnaðarlæknis.

Ef stjórnandi er leystur frá störfum vegna heilsubrests skal hann halda óbreyttum launakjörum í þrjá mánuði. Sama regla gildir um greiðslu til maka látins stjórnanda.

17. gr.

Samningur um starfslok

Yfirmanni er heimilt er að gera samning um starfslok við stjórnanda, að fenginni umsögn kjaranefndar. Reykjavíkurborg setur nánari reglur um við hvaða aðstæður yfirmanni er heimilt að gera samning um starfslok og helstu efnisþætti slíks samnings.

18. gr.

Önnur störf

Hyggist stjórnandi samhliða starfi sínu stofna til atvinnurekstrar, taka sæti í stjórn atvinnufyrirtækis eða taka við starfi í þjónustu annars aðila gegn þóknun, ber honum áður að skýra borgarstjóra frá því. Innan tveggja vikna skal stjórnanda skýrt frá því, ef áður nefnd starfsemi telst ósamrýmanleg stöðu hans og honum óheimilt að hafa hana með höndum.

Rétt er að banna stjórnanda starfsemi skv. 1. mgr. ef síðar er leitt í ljós, að hún fari ekki saman við starf hans í þjónustu borgarinnar.

19. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi stjórnanda til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála fer eftir þeim reglum sem gilda um hæfi hjá Reykjavíkurborg sbr. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskög Reykjavíkurborgar, sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 og stjórnarsýslulög nr. 37/1993.

20. gr.

Siðareglur

Stjórnendur skulu sýna af sér þá háttsemi við störf sín sem skilgreind er í siðareglum starfsmanna Reykjavíkurborgar, sbr. einnig 10. gr. reglna þessara.

21. gr.

Gildistaka og endurskoðun

Reglur þessar öðlast gildi þann 1. janúar r 2025 og skulu endurskoðaðar á 5 ára fresti eða ef tilefni gefst til. Við gildistöku reglnanna falla úr gildi reglur um réttindi og skyldur stjórnenda Reykjavíkurborgar frá 18. desember 2023.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir gildistöku reglna þessara skulu þeir stjórnendur sem heyrt hafa undir reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg, en eru ekki í hópi stjórnenda, sbr. 1. gr., heyra undir kjaraákvörðanir samkvæmt reglum þessum. Ákvæði 2. gr. reglna þessara taka þó ekki til þeirra. Komi fram ósk frá stjórnanda um að heyra undir kjarasamning skal hann halda kjaraákvörðunum samkvæmt reglum þessum þar til ný ákvörðun hefur verið tekin um laun hans og starfskjör og honum verið raðað samkvæmt kjarasamningi. Verði mannabreytingar í hlutaðeigandi störfum skal fara um laun og starfskjör eftirmanna samkvæmt kjarasamningi. Ákvæði þetta fellur úr gildi 31. desember 2025.

Umsagnir um drög að reglum um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar og um drög að nýjum verklagsreglum Kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

Umsögn um drög að reglum um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar:

Stjórn Félags stjórnenda hjá Reykjavíkurborg þakkar fyrir kynningu á drögum að ofangreindum reglunum á félagsfundum 11. október sl. og fyrir að fá tækifæri til að koma að athugasemdum.

Nokkrar réttarbætur eru í reglunum s.s. að kjaranefnd skuli endurskoða launaákvæðanir stjórnenda a.m.k. einu sinni á ári og er það til bóta. Þá hefur þegar verið brugðist við þeim athugasemdum sem komu fram á fundinum varðandi gildistíma bráðabirgðaákvæðisins í reglunum, en hann hefur verið lengdur til 31. desember 2024 í stað 31. mars 2024. Stjórn FSR telur þetta til bóta en lýsir þó áhyggjum yfir að enn er engin lausn í sjónmáli fyrir þá stjórnendur sem óska eftir því að heyra undir kjarasamninga. Mikil óvissa ríkir því enn um framtíðarlaunakjör þeirra stjórnenda sem heyra undir bráðabirgðaákvæði reglnanna en laun þeirra hafa dregist verulega aftur úr launum þeirra stjórnenda sem gegna sambærilegum störfum hjá ríkinu.

Jafnframt er rétt að minna á að mikilvægt er að áunnin réttindi skv. reglunum, s.s. í 9. gr., fylgi með þegar kemur að því að stjórnendur færi sig undir kjarasamninga.

Umsögn um drög að nýjum verklagsreglum Kjaranefndar Reykjavíkurborgar:

Stjórn Félags stjórnenda hjá Reykjavíkurborg þakkar fyrir kynningu á reglunum á félagsfundum 11. október sl. og fyrir að fá tækifæri til að koma að athugasemdum.

Á fundinum komu einkum fram athugasemdir frá félagsmönnum við 5. gr. draganna er fjallar um ákvæði til bráðabirgða. Aðallega voru gerðar athugasemdir við gr. 5.2 þar sem segir að við ákvörðun launa og annarra starfskjara þeirra sem heyra undir bráðabirgðaákvæðið í gr. 5.1., skuli líta til launaþróunar sambærilegra starfa hjá Reykjavíkurborg.

Stjórn FSR ítrekar þær alvarlegu athugasemdir sem komu fram á fundinum og óskar eftir nánari skýringum á hvaða starfa er hér verið að vísa til. Stjórn FSR getur ekki með nokkru móti séð að til séu sambærileg störf innan Reykjavíkurborgar sem hægt er að miða nefnd störf við, nema þau störf sem þegar eru borin saman við störf þeirra sem heyra undir bráðabirgðaákvæðið. Það skýtur skökku við ef ætlunin er að miða launaþróun þeirra stjórnenda sem heyra undir bráðabirgðaákvæðið við þau störf hjá Reykjavíkurborg sem nú þegar byggjast á samanburði við þá sem heyra undir bráðabirgðaákvæðið.

Þá vill stjórn FSR benda á þá hróplegu mismunun sem felst í launaákvörðunum milli þeirra sem heyra undir bráðabirgðaákvæðið og hópsins sem heyrir undir gr. 2.2. í reglunum. Það væri í anda jafnræðissjónarmiða að kveða á um í gr. 5.2 að gr. 2.2. ætti við um starfskjör og launaþróun.

Með ofangreindri breytingu á verklagsreglum Kjaranefndar Reykjavíkurborgar hverfur nefndin endanlega frá fyrri verklagsreglu að bera laun og launaþróun saman við sambærileg störf hjá ríkinu en einungis þó hvað varðar ákveðinn hóp stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Athygli vekur að um hinn hópinn gildir eftirfarandi: „Við ákvörðun launa og annarra starfskjara stjórnenda skal kjaranefnd líta til launaþróunar hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum almennt auk þess að líta til launa og launaþróunar sambærilegra hópa hjá ríkinu. Jafnframt skal kjaranefnd gæta jafnræðis- og

jafnréttissjónarmiða við launasetningu. Kjaranefnd skal horfa til almennrar stöðu og þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Við almennar launaákvæðanir skal kjaranefnd skilgreina viðmiðunarhópa og birta í úrskurði sínum tölulegar upplýsingar um breytingar á launum þeirra“.

Stjórn FSR tekur undir þau skilaboð sem komu fram á félagsfundi 11. október sl. að hér sé verið að senda stjórnendum, sem sumir hverjir hafa starfað hjá Reykjavíkurborg um árábil, kaldar kveðjur.

Fyrir hönd stjórnar FSR

Steinþór Einarsson, formaður.